

Nd.

149. Frumvarp

til laga um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Sauðár.

Flutningsmaður: Jón Sigurðsson.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að selja Sauðárkrókshreppi þjóðjörðins Sauða í Skagafjarðarsýslu, að undanskilinni verslunarlóðinni eins og hún er ákveðin með lögum nr. 51, 28. nóv. 1919, fyrir það verð, sem dómkvaddir óvilhallir menn meta, og með þeim borgunarskilmálum, sem gilda um aðrar þjóðjarðir.

Greinargerð.

Sauðárkrókskaupþún er bygt úr eða í landi þjóðjarðarinnar Sauðár. Kaupþún þetta er nú orðið allsjölment, og með því að sjávarútvegur verður ekki rekinn þar nema tiltölulega skamman hluta af árinu, má teljast ógerningur fyrir verkamenn að ætla sjer að lifa á sjávarútvegi eingöngu. Almennigur verður því að afla sjer tekna á annan hátt, en þar er ekki um margt að velja. Að sönnu er nokkur vinna við afgreiðslu skipa, en að því fráskildu er um lítið annað að gera en einhverskonar landsnyttjar eða jarðarafnot. Þetta hefir orðið til þess, að fjölmargir íbúar kaupþúnsins hafa komið sjer upp litlum fjárstofni og margir hafa 1—2 kýr, en ef kaupþúnsbúar eiga ekki ráð á umræddri jörð, er mjög erfitt fyrir þá að framsleyta þessum fjenaði. Sauða er ekki stór jörð, en sauðheit er þar góð, engi og kúahagar sæmilegir. Fyrir löngu hefir verið skift á ítökum milli Sauðár og Sjávarborgar, þannig að Sauða fjekk engjaeyju nokkra í Hjeraðsvötnum í stað rekarjettar fyrir Sauðárlandi. Rekaftak þetta er nú sama og einskis virði, vegna þess að það er fyrir landi því, sem verslunarlóð Sauðárkróks nær yfir. Að þannig vöxnu máli virðist rjett, að í sölubeimild Sauðár liggja einnig heimild til þess að gera út um, hversu fara skuli um ítök þessi.